

Nr. 053/ 12 Aron ÞH 105***Eldur í vélarúmi og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 7361
Smíðaður: Hafnarfirði 1992, plast
Stærð: 9,4 brl. 10,1 bt.
Mesta lengd: 11,17 m Skráð lengd: 10,89 m
Breidd: 2,74 m Dýpt: 1,26 m
Vél: Perkins 312 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 1



Aron ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 7. júní 2012 var Aron ÞH 105 á siglingu á Skjálfandaflóa. Veður: NA andvari.

Skipstjóri varð var við reykjarlykt og sá að reyk lagði upp frá vélarúmshlera. Þegar hann opnaði niður í vélarúmið komu eldtungur á móti honum svo hann lokaði aftur, stöðvaði vél og gangsetti slökkvikerfi vélarúmsins. Hann tilkynnti um atvikið, beið nokkra stund áður en hann opnaði hlerann aftur og var þá ennþá logandi afmarkaður eldur sem hann gat slökkt með dufthandslökkvitæki. Lundey ÞH 350 dró Aron ÞH til Húsavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að óhreinindi höfðu stíflað öndunina á gírnum, yfirþrýstingur myndast í honum, og lokið á síuhúsinu undir vélinni hrokkið af. Við það sprautaðist gírolía (*sjálfskiptivökvi*) um vélarýmið á afgangsgrein og túrbínu með þeim afleiðingum að eldur náði að myndast;
- að brunaviðvörðunarkerfi var í vélarýminu en skipstjóri sagði að það hefði ekki farið í gang. Við athugun eftir atvikið kom í ljós að það hefði verið í lagi;
- að mælir fyrir olíuþrýsting fyrir gírinn var í stýrishúsi en bátsverjinn hafði ekki tekið eftir neinu óvenjulegu í honum.

Nefndarálit:

Orsök þess að eldur myndaðist voru óhreinindi í öndunarkerfi á gír.